

# VIÐBÆTIR

## Efnisskrá D-deildar.

	Bls.		Bls.
Allsherjarafvopnun	296	Millipinganevnd í skattamálum	358
Alþingisreikningur 1959	515	Nauðungarvinna	147
Alþingissjóður, reikningur 1959	521	Niðurgreiðsla á vöruverði	443
Alþýðuskólar	479	Niðurgreiðsla fóðurbætis	429
Björgunar- og gæzluskip fyrir Breiðafjörð	327	Radíóstefnuviti í Hafnarfirði	299
Björgunartæki	424	Radíóviti á Sauðanesi	371
Brú yfir Ölfusárós	322	Rafleiðsla á 4 bæi í Húnavatnssýslu	289
Bústofnslánadeild	287	Raforkumál	283
Byggingar fyrir rannsóknastarfsemi	372	Reikningur ríkisins í seðlabankanum	451
Byggingarsjóðir	204	Rekstrarfé fyrir iðnaðinn	403
Byggingarsjóður ríkisins	229	Rykblinding á þjóðvegum	357
Dvalarheimili í helmavistarskólum	144	Rækjumið	172
Efnahagsmál sjávarútvegsins	457	Samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda	164
Efnahagsmálaráðuneyti og iðnaðarmálaráðuneyti	376	Samþykki til frestunar á fundum Alþingis	1
Eftirlit með fyrirtækjasamtökum	338	Siglufljarðarvegur	263
Endurskoðun laga um landsdóm	54	Sildarlíðaður á Vestfjörðum o. fl.	94
Endurskoðun laga um vegi	358	Sildarrannsóknir og sildarleit	254
Endurskoðun laga um verkamannabústaði	485	Símgjöld bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar	130
Fiskileit á Breiðafirði	137	Sjálfvirk símstöð á Akranesi	181
Fiskveiðisjóður Íslands	201	Sjúkrahúsalg	468
Fjarskiptastöðvar í íslenskum skipum	49	Skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði	486
Flóabátur fyrir Breiðafjörð	346	Skaðabætur vegna endurbóta á vegakerfi landsins	500
Flugsamgöngur	157	Skattfríðindi við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar	405
Flugsamgöngur á Vestfjarðasvæðinu	330	Skógrækt	155
Flugsamgöngur við Siglufljörð	52	Skóli fyrir fiskmatsmenn	342
Framlag til byggingarsjóðs ríkisins	446	Starfsfræðsla	153
Fræðsla í þjóðfélagsfræðum	474	Steinsteypt ker til hafnabygginga	176
Gerðardómur	505	Stofnlánasjóðir Búnaðarbankans	462
Gjaldþyrslántaka	473	Strandferðaskip fyrir Vestfirði	341
Hafnarstæði við Héraðsflóa	256	Tónlistarfræðsla	128
Hagnýting farskipaflotans	76	Tæknimenntun	149
Hagnýting sildaraflans	123	Utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúar þess erlendis	301
Hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri	336	Úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu	358
Jarðboranir í Krýsuvík og á Reykjanesi	191	Útflutningsjóður	497
Kaup seðlabankans á víxlum iðnaðarins	292	Útvarpsrekstur ríkisins	372
Klak- og eldisstöð fyrir lax og silung	134	Veðdeld Búnaðarbankans	69
Krabbameinsvarnir	66	Veititími og netjanotkun fiskiskipa	349
Lagfæring vegarins frá Grindavík að Reykjanesvíla	357	Verðtrygging sparifjár	249
Landaureikningur	337	Vextir af íbúðalánnum sparisjóða	477
Landsútsvör	319	Vinnsla sjávarafurða á Sigluflirði	58
Lán til Hvalfjarðarvegar	328	Virkjun Jökulsár á Fjöllum	302
Lán út á afurðir	452	Virkjun Smyrlabjargaár	184
Lántaka í Bandaríkjunum:		Virkjunarskilyrði í Fjarðará	371
Fyrri fsp. EystJ	373	Vörukauplán í Bandaríkjunum:	
Síðari fsp. EystJ	450	Fyrri fsp. EystJ	375
Lántaka vegna togarakaupa	375	Síðari fsp. EystJ	449
Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi	481	Þjóðhátasaga Íslendinga	141
Lögreglumenn	62	Þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk	471
Malbikun gatna í kaupstöðum og kaupþúnum	347		
Málaleitan Nýasalandsmanna	496		

# Gerðardómur

**í málinu Kaupfélagið Þór á Hellu gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**  
(Sbr. svar við fsp.: Skaðabótakröfur á hendur ríkissjóði, 488. dálk að framan).

## I.

Með gerðardómssamningi, dags. 19. febrúar 1960, undirrituðum af Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Kaupfélagsins Þórs á Hellu í Rangárvallahreppi og Sigtryggi Klemenzsyni ráðuneytisstjóra og Sigurði Jóhannssyni vegamálastjóra f. h. ríkissjóðs, var ákveðið, að gerðardómur, skipaður þremur af dómurum Hæstaréttar, skyldi úrskurðaða, „hvort ríkissjóður Íslands kunnði að bera bótaskyldu gagnvart Kaupfélaginu „Þór“ á Hellu í Rangárvallasýslu vegna fyrirhugaðra breytinga á brúarstæðinu yfir Ytri-Rangá og þá um leið þjóðveginn um á þeim slóðum.“ Gerðardómurinn skyldi bæði dæma um bótaskylduna og upphæð bóta, ef til kæmi, og niðurstaða gerðardómsins verða fullnaðarúrlausn. Aðiljar nefndu síðan í gerðardóminn hæstaréttardómarana Þórð Eyjólfsson, Gizur Bergsteins-son og Jónatan Hallvarðsson.

Fyrir gerðardómnum hafa flutt málið þeir Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður f. h. sóknaraðilja, Kaupfélagsins Þórs, og Einar Ásmundsson hæstaréttarlögmaður f. h. varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Fyrirsvarsmenn aðilja hafa safnað gögnum og lagt fram greinargerðir um málið. Þá hafa gerðardómendur og fyrirsvarsmenn aðilja farið austur að Hellu og kynnt sér staðhætti og húsakost Kaupfélagsins Þórs. Samkvæmt heimild í gerðardóms- samningnum hafa gerðardómendur kvatt Björn Rögnvaldsson byggingameistara sér til aðstoðar og leiðbeiningar um tæknileg atriði. Að lokinni gagnasöfnun fór fram munnlegur málflutningur fyrir gerðardómnum.

## II.

Kaupfélagið Þór var stofnað árið 1939. Valdi það sér stað að Hellu í Rangárvallahreppi og reisti þar verzlunarhús við þjóðveginn skammt frá austur- enda brúarinnar á Ytri-Rangá. Eftir að kaupfélagið hóf starfsemi sína, myndaðist smám saman kauptún á Hellu, og hefur íbúum farið þar fjölgandi. Auk venjulegrar verzlunar, þar á meðal sölu á ollu og benzíni, rekur kaupfélagið brauðgerðarhús, frysti- hús, bifreiðavöðgerðir, járnsmiðju, trésmiðju og vikmyndahús.

Árið 1947 fór Kaupfélagið Þór þess á leit við Skipulagsnefnd ríkisins, að hún hlutaðist til um, að kauptúnið að Hellu yrði fljótlega skipulagt með tilliti til áframhaldandi bygginga. Í Skipulagsnefnd

ríkisins eiga sæti vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Fer hún með stjórn skipu- lagsmála undir yfirstjórn stjórnarráðsins samkvæmt 14. gr. laga um skipulag kauptúna og sjávar- þorpa nr. 55/1921, sbr. 4. gr. laga nr. 64/1938. Skipulagsstjóri ríkisins, sem skipaður er af ríkis- stjórninni, annast framkvæmd skipulagsmála.

Hinn 19. janúar 1951 var uppdráttur að skipulagi kauptúnsins að Hellu, dags. 8. s. m., lagður fyrir Skipulagsnefnd ríkisins. Voru þá á fundi vegamála- stjóri og vitamálastjóri, en húsameistari ríkisins fjarverandi. Á fundi þessum var rætt um brúar- stæði á Ytri-Rangá og legu þjóðvegarins gegnum kauptúnið. Var það álit nefndarinnar, að brúin yrði brekkuð og höfð á sama stað og hún er nú, en þjóðbrautin í beinu framhaldi af brúnni upp í gegnum kauptúnið, í stað þess að beygja til hægri niður með ánni, eins og vegurinn hefur legið.

Hinn 30. janúar 1951 sendi Skipulagsnefnd ríkis- ins oddvita Rangárvallahrepps skipulagsuppdráttinn. Oddvitinn hlutaðist til um, að uppdrátturinn væri almenningi til sýnis tilskilinn tíma samkvæmt 12. gr. laga nr. 55/1921. Komu þá fram nokkrar athugasemdir við uppdráttinn, sem skipulagsnefndin virðist ekki hafa viljað taka til greina. Lá málið svo niðri um hríð.

Árið 1953 brunnu verzlunarhús Kaupfélagsins Þórs á Hellu. Vegna væntanlegrar endurbyggingar verzl- unarhúss varð nú aðkallandi að fá skipulagsupp- dráttinn staðfestan, svo að unnt yrði að reisa húsið í samræmi við skipulagið.

Vegamálastjórnin hafði samið frumvarp til laga um brúargerðir, sem lagt var fyrir Alþingi 1953. Var þá á Alþingi tekið upp í frumvarpið ákvæði um endurbyggingu brúar yfir Ytri-Rangá á Suður- landsvegi, og varð það að lögum, sbr. lög nr. 37 8. apríl 1954, 2.d.5. Á þessum tíma var fyrirhugað af vegamálastjórninni, eins og nánar verður getið síðar, að nýja brúin yrði sett um 60 metra fyrir ofan (norðan) gömlu brúna. Hafði þegar í júní 1953 verið teiknuð brú með þessa staðsetningu fyrir augum.

Skipulagsnefndin tók nú skipulagsmál Hellukaup- túns fyrir að nýju. Var skipulagsuppdráttinum frá 8. janúar 1951 breytt til samræmis við hina nýju fyrirætlun vegamálastjórnarinnar um brúarstæðið. Eftir að hinn breytti uppdráttur hafði legið frammi í Rangárvallahreppi lögmæltan tíma og engar at-

hugasemdir borizt, samþykkt hreppsnefnd Rangárvallahrepps hann fyrir sitt leyti, eins og hann lá fyrir. Félagsmálaráðuneytið staðfesti síðan skipulagsuppráttinn hinn 2. apríl 1954 samkvæmt 15. gr. laga nr. 55/1921.

Þegar eftir að skipulagsupprátturinn hafði verið staðfestur, ákvað Kaupfélagið Þór að hefja byggingu verzlunarhússins. Í aprilmánuði 1954 fór þáverandi skipulagsstjóri ríkisins austur að Hellu ásamt arkitekt kaupfélagsins til þess að velja húsinu stað. Á hinum staðfesta skipulagsupprætti var gert ráð fyrir einu verzlunarhúsi miðsvæðis í kaupútninu, en í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og hreppsnefnd var nú ákveðið að staðsetja hið fyrirhugaða verzlunarhús um 170 metrum norðar, á þeim stað, sem verzlunarhús kaupfélagsins hafði áður staðið. Hefur þáverandi skipulagsstjóri vottað, að eðlilegast hafi þótt að velja húsinu þennan stað, miðað við brúarstæði og þjóðbrautina.

Kaupfélagið hóf byggingarframkvæmdir í maí mánuði 1954, en smíði hússins var lokið fyrra hluta árs 1955. Húsið er byggt úr steinsteypu, tvær hæðir og kjallari undir því hálfu. Grunnflötur þess er 318,15 fermetrar, en rúmmál 2463,92 rúmmetrar. Kveður kaupfélagið byggingarkostnað hafa numið kr. 2.600.000,00.

Í greinargerðum núverandi vegamálastjóra, sem lagðar hafa verið fyrir gerðardóminn, er frá því skýrt, að á árunum 1952 og 1953 hafi verið uppi ráðagerðir um flugvallargerð á Rangársöndum á vegum varnarliðs Bandaríkjanna og vegalagningu í því sambandi. Af því tilefni hafi verið gerðar athuganir um endurbyggingu brúarinnar á Ytri-Rangá. Voru þá mæld tvö brúarstæði, annað (brúarstæði I) um 60 metra fyrir ofan gömlu brúna, en hitt (brúarstæði II) um 500 metra fyrir neðan hana. Hafi liggur stæði II verið augljóslega heppilegast af tæknilegum ástæðum fyrir Suðurlandsveg. Varnarlið Bandaríkjanna og aðill á þess vegum hafi hins vegar talið brúarstæði I hentara fyrir hinn fyrirhugaða flugvöll, með því að væntanlegan veg að honum átti að leggja upp með austurbakka Ytri-Rangár. Af þessum ástæðum muni brúarstæðið á Ytri-Rangá hafa verið markað inn á hinn staðfesta skipulagsupprætti, svo sem þar var gert. Hvað sem líði ráðagerðum Skipulagsnefndar ríkisins á árunum 1950–1951 um endurbyggingu og breiðkun brúarinnar, þá hafi engar mælingar né áætlanir verið gerðar um brúargerðina fyrr en haustið 1952. Árið 1953 hafi verið unnið fyrir aðillja á vegum varnarliðsins að teikningum og botnrannsóknum að brú á Ytri-Rangá 60 metrum fyrir ofan gömlu brúna (brúarstæði I), en engar áætlanir eða rannsóknir gerðar á neðra brúarstæðinu (brúarstæði II).

Þá kveður vegamálastjóri, að á næstu árum eftir 1953 hafi ekki verið unnið frekar að áætlunum um nýja brú á Ytri-Rangá, þar sem fyrirætlanir varnarliðsins um flugvallargerð á Rangársöndum hafi verið lagðar á hilluna, en ekkert fé verið fyrir hendi í brúasjóði til brúargerðarinnar. Leið svo og beið til ársins 1958, en þá ákvað samgöngumálaráðuneytið eftir tillögu vegamálastjóra í bréfi, dags. 1. júlí 1958, að á árunum 1959–1961 skyldi fé brúasjóðs meðal annars varið til að byggja nýja brú á Ytri-Rangá. Var þá síðara hluta sumars 1958 og veturinn 1959 unnið að viðbótarmælingum

við Ytri-Rangá til þess að fá úr því skorið, hvaða lausn á brúarmálinu væri hagkvæmst bæði fjárhagslega og tæknilega. Um þessi atriði segir svo í greinargerð vegamálastjóra, dags. 11. marz 1960:

„Við val á veglinum og brúarstæðum er miðað við vegareglur frá 1958, en þar eru allir vegir flokkaðir í fjóra flokka. Vegareglur þessar eru að mestu leyti sniðnar eftir vegareglum norsku vegamálastjórnarinnar, og samkvæmt þeim er gert ráð fyrir, að Suðurlandsvegur austan Selfoss verði í öðrum flokki. Um vegi í þessum flokki eru gerðar þær lágmarkskröfur, að vegbreiddin sé 7 metrar, minnsta sjónlengd milli farartækja á veginum 150 metrar og minnsti radius í lóðréttum fleti sé á hæð 1600 metrar og í lægð 1000 metrar. Minnsti radius í beygjum sé 300 metrar og halli hvergi meiri en 7%, eða 1:14. Á vegi, sem uppfyllir þessar kröfur, er talið óhætt að aka með fullu öryggi á 80 km hraða, en verði að slaka á einhverjum af þessum lágmarkskröfum, verður að minnka hraðann sem því svarar. Við val á veglinum í mishæðöttu landi og fjalllendi veldur það einna mestum erfiðleikum að uppfylla lágmarkskröfur um sjónlengd, þ. e. a. s. uppfylla lágmarkskröfurnar um radius í beygjum í láréttu og lóðréttu plani, þar sem það er talið mjög óráðlegt hér að skera vegi niður í hæðir vegna þess, að slíkir staðir safna yfirleitt að sér fönn að vetrarlagi.

Að nýrri brú á Ytri-Rangá voru aðallega athugaðar tvær tillögur, I og II. Samkvæmt tillögu I yrði hin nýja brú um 60 m ofan við gömlu brúna, eða á svipuðum stað og sýnt er á skipulagsupprætti frá 2. apríl 1954. Þar sem vesturbakki árlinnar er um 14 m hærrí en vatnsborðið á brúarstæðinu, verður að mynda 130 m langa skeringu í bakkann til þess að koma vegi niður að brúnni, og liggur þó veglinn í litils háttar lægð í bakkanum. Á 60 m kafla af þeim 130 m, sem skera þarf veginn niður á, er grófturinn 4 m djúpur um vegmiðju, en 6–8 m til hliðanna vegna þess, að bakkinn hækkar til beggja handa. Þrátt fyrir þennan mikla niðurskurð verður ekki hægt að fá minni halla en 1:12 og radius í lóðréttu plani verður ekki gerður stærrí en 1250 metrar, þó að 1600 metrar sé talið lágmarkið, og við það minnkar sjónviddin úr 150 m í um 100 m. Til þess að ná sambandi við gamla veginn verður að leggja bugðu með 215 m radius, þó að lágmarkið sé talið 300 m. Þegar austur fyrir brúna kemur, verður vegurinn að liggja allnærri húsum, sem þegar hafa verið byggð, og síðan verður að sveigja veginn með 140 m radius austan við þorpið, þar sem ekki þótti tiltækilegt að leggja veginn austur í gegnum hæðirnar austan við þorpið og þvert yfir flugvöllinn, sem nýlega hefur verið gerður austan við Hellu. Verður veglinn því að liggja austan við þorpið um 200 m austan við núverandi veg og nær samsíða honum, og liggur vegurinn þá um mýrarslakka, sem í myndast tjörn að vetrarlagi, er getur orðið allt að 1½ m að dýpt. Til þess að tengja veginn við núverandi veg sunnan og austan þorpsins yrði að hafa bugðu með 160 m radius. Öll þessi veglina verður um 1500 m á lengd, og á henni eru 3 láréttar bugður með mun minni radius en lágmarkskröfur heimta af vegi í þessum flokki, og minnsta sjónlengd vestan brúar verður um 50 m minni en lág-

markskröfur segja til um, og yrði þar af þeim sökum að minnka leyfilegan aksturshraða niður í 45 km. Í sveignum næst austan við þorpið, sem er með 140 m radius, yrði 150 m sjónlengd ekki náð nema með því að rífa niður tvö útihús við íbúðarhús, sem þegar eru komin þar. Á þessum stað kemur einnig gata úr þorpinu á veginn, og yrði að öllum líkindum að loka þeirri innkeyrslu á hinn nýja veg vegna hinnar takmörkuðu sjónlengdar. Þessi veglína liggur í 7–9 m fjarlægð frá tveimur íbúðarhúsum, sem þegar eru komin á þessum stað, og nokkur hús standa einnig norðan veglínunnar. Þúast má við því, að byggðin færist norður fyrir veginn, og eykur það að sjálfsögðu mjög slyshættu á svo fjölförnum vegi sem Suðurlandsvegur er.

Á veglínu þeirri, sem merkt er tillaga II, er gert ráð fyrir, að ný brú komi um 500 m sunnar en núverandi brú, og er gert ráð fyrir því, að þar sem brúin kemur örlitlís skáhallt á ána, þá verður hún 84 m löng, eða um 4 m lengri en brúin samkvæmt tillögu I. Á þessari veglínu þarf hvergi að skera veginn niður í árbakkana, og aðeins á einum stað þarf að nota lágmarksradius í láréttri beygju, eða 300 m radius, og er það skammt vestan við brúna. Mesti halli á þessari veglínu verður 1:25, eða 4%, og er hann helmingi minni en mesti halli á tillögu I. Rifleg sjónlengd er alls staðar á þessari veglínu.

Gerðar voru kostnaðaráætlanir um byggingu brúa og nauðsynlega vegagerð samkvæmt tillögu I og II, og reyndist kostnaður við þær vera nær alveg hinn sami, eða 5.1 millj. kr. Þar sem enginn kostnaðarmunur var á þessum tillögum, en tillaga I hafði marga og mikla tæknilega galla, taldi ég sjálfsagt, að tillaga II yrði valin.

Með skirskotun til framangreindra raka lagði vegamálastjóri svo til í bréfi til samgöngumálaráðuneytisins, dags. 21. júlí 1959, að hin nýja brú yrði staðsett samkvæmt tillögu II.

Þegar stjórn Kaupfélagsins Þórs varð þess áskynja, að fram var komin tillaga um annað brúarstæði en það, sem skipulagsuppdrátturinn var miðaður við, ritaði hún samgöngumálaráðuneytinu bréf, dags. 25. júlí 1959, og benti á, að vegna staðsetningar verzlunarhúss kaupfélagsins mundi hin ráðgerða breyting á brúarstæðinu draga mjög úr viðskiptum ferðamanna við kaupfélagið og baka því margvíslegt óhagræði. Geti ekki hjá því farið, að kaupfélagið bíði gífurlegt tjón, verði brúin byggð samkvæmt hinn nýju ráðagerð.

Hinn 13. ágúst 1959 fóru fram umræður um málefni þetta milli samgöngumálaráðherra og vegamálastjóra annars vegar og framkvæmdastjóra Kaupfélagsins Þórs hins vegar. Var þá gert ráð fyrir, að bótakröfur yrðu uppl hafðar af hálfu kaupfélagsins, ef breytt væri um staðsetningu brúarinnar frá því, sem sýnt var í skipulagsuppdrætti. Hinn 18. ágúst 1959 ritaði kaupfélagið vegamálastjóra og gerði nánari grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Samkvæmt skýrslu vegamálastjóra ákvað samgöngumálaráðherra hinn 31. ágúst 1959, að hefja skyldi framkvæmdir við byggingu brúar yfir Ytri-Rangá samkvæmt tillögu II. Var byrjað á verkinu í lok september 1959 og á því ári gerðar undirstöður flestra brúarstöpla. Ráðgert er, að brúargerðinni verði lokið á árinu 1960.

Þegar fullnaðarákvörðun hafði verið tekin um, að brúin skyldi byggð á þeim stað, sem að framan greinir, hóf Skipulagsnefnd ríkisins undirbúning að því að gera nýjan skipulagsuppdrátt fyrir Hellu-kaupþún. Samkvæmt endurrítti úr fundagerðabók skipulagsnefndarinnar var á fundi hennar hinn 15. janúar 1960 lagður fram nýr skipulagsuppdráttur, „er miðaður er við það brúarstæði, sem ákveðið hefur verið yfir Rangá“. Samþykkti skipulagsnefndin hina nýju staðsetningu brúarinnar og hinn nýja tillöguuppdrátt í aðalatriðum. Var uppdráttur þessi síðan hinn 22. janúar 1960 sendur hreppsfundaroddvita Rangárvallahrepps til athugunar, og er það mál ekki lengra á veg komið. Þess má geta, að í bréfi, dags. 5. september 1959, hafði hreppsfnefndin mótmælt hinn nýju brúarstaðsetningu og breytingu á hinum staðfesta skipulagsuppdrætti.

### III.

Fyrir gerðardóminum hefur Kaupfélagið Þór gert þær kröfur, að því verði ákveðnar bætur úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 3.033.333,33 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1959 til 1. marz 1960, en 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafzt annarrar fjárhæðar eftir mati gerðardómsins. Þá krefst kaupfélagið og þess, að ríkissjóði verði gert að greiða allan kostnað af rekstri málsins fyrir gerðardóminum, þar á meðal málflytningubókun til fyrirsvarsmanns félagsins.

Af hálfu ríkissjóðs er krafzt sýknu og að Kaupfélaginu Þór verði gert að greiða allan kostnað við gerðardóminn, þar á meðal málflytningubókun til fyrirsvarsmanns ríkissjóðs fyrir gerðardóminum.

Bótakröfu sína rökstyður kaupfélagið með því, að verzlunarhús þess hafi verið staðsett við þjóðvegin meðal annars með það fyrir augum að ná viðskiptum við ferðamenn, sem um veginn fara, enda séu slík viðskipti drjúgur þáttur í rekstri þess. Með hinu staðfesta skipulagi og íhlutun skipulagsyfirlvalda um staðsetningu hússins hafi verið lagður sá traustgrundvöllur, sem félagið hafi byggt á, er það réðst í að reisa hið dýra verzlunarhús á árunum 1954–1955. Staðsetning nýju brúarinnar og hið breytta skipulag hafi í för með sér, að verzlunarhúsið komist úr þjóðleið og almannaumferð bægt frá því. Til þess að ná sömu ferðamannaviðskiptum eftir breytinguna og áður hafa átt sér stað, verði félagið að ráðast í mjög fjárfrekar aðgerðir, annaðhvort með byggingu nýs fullkomins verzlunarhúss við þjóðveginn í nánd við nýju brúna, en við það rýrni mjög notagildi núverandi verzlunarhúss, eða með byggingu annars smærra verzlunarhúss á svipuðum stað, en slíkt hafi einnig í för með sér miklís óhagræði, meðal annars í auknu mannahaldi. Er hin tilgreinda fjárfkra kaupfélagsins við það miðað, að reist verði nýtt fullkomlið verzlunarhús í stað hins eldra. Þá kveður kaupfélagið og, að mjög muni rýrna verðgildi annarra húsa þess, sem það notar í rekstri sínum og staðsett eru í nánd við verzlunarhúsið.

Af hálfu ríkissjóðs er sýknukrafan rökstudd með því, að af tæknilegum ástæðum og með greiða og öðruga umferðarleis fyrir augum hafi verið óhjákvæmilegt að staðsetja nýju brúna svo sem gert hefur verið. Hafi vegamálastjóri gert glögga grein

fyrir þessu í erindum þeim, sem fram hafa komið í málinu af hans hendi. Þessi breyting hafi horft svo til bóta, að ekki hafi verið áhorfsmál að gera hana. Ákvörðunin um nýju brúna sé tekin af samgöngumálaráðherra eftir tillögum vegamálastjóra, þ. e. af réttum yfirlöndum, sem óbundin séu af gerðum skipulagsyfirlalda, þegar ákveða þarf vegarstæði eða brúarstæði. Mörkun brúarstæðis á hinn staðfesta skipulagsupprátt heyrir ekki til sjálfu skipulaginu, og taki því staðfesting félagsmálaráðuneytisins ekki til þess. Þegar kaupfélagið reisti verzlunarhús sitt, hafi það því tekið á sig áhættuna á því, að brúnni kynni að verða valinn annar staður. Þróunin gangi nú hvarvetna í þá átt að leggja alfaravegi fram hjá bæjum og þorpum til að bægja frá umferðarhættu og öðru óhagræði af óhöflegri umferð í þéttbýli. Þá kveður fyrirsvarsaður ríkissjóðs ekki ástæðu til að ætla, að verzlunarhús kaupfélagsins ónýttist að verulegu leyti, þó að leið til þess frá þjóðvegi lengist litils háttar. Þess berli og að gæta, að kaupfélagið reki fyrst og fremst viðskipti við bændur, og muni breyting á brúarstæðinu ekki raska neitt viðskiptum við þá. Og sama gildi um viðskipti við íbúa kaupfélagsins. Tap á viðskiptum við ferðamenn geti á engan hátt rýrt verzlunarhúsið svo í verði sem haldið sé fram af hálfu kaupfélagsins, enda væri auðvelt að bæta úr því með því að reisa söluskála við þjóðbrautina fyrir smávarning, sem ferðamenn tíðast kaupa. Ekki muni heldur draga neitt úr notagildi annarra atvinnuhúsa félagsins. Loks geti komið til greina, að núverandi brú verði látin standa áfram um óákveðinn tíma, og muni þá umferð um hana haldast að einhverju leyti.

## IV.

Hér að framan hefur verið greint frá sögu máls þessa, kröfugerð aðilja og rökstuðningi þeirra. Kemur þá til athugunar, hvort ríkissjóður sé bótaskyldur, eins og hér stendur á.

Með skipulagslögnum nr. 55/1921, sbr. lög nr. 64/1938, er ríkisvaldinu veitt mjög viðtæk heimild til skipulagningar bæja og kaupfélags, þar á meðal til að breyta eldra staðfestu skipulagi, þó að breytingin hafi í för með sér rökun á hagsmunum einstakra aðilja. Réttur vegamálastjórnarinnar til að ákveða brúnni yfir Ytri-Rangá annan stað en þann, sem hinn staðfesti skipulagsuppráttur sýnir, verður ekki dreginn í efa. Fer sú ákvörðun eftir mati ríkisvaldsins á ástæðum, og hefur vegamálastjóri í framanskráðri greinargerð sinni fært full rök að því, að með tilliti til samgangna hafi verið nauðsynlegt og rétt að velja brúnni þann stað, sem nú hefur gert verið. Af skýrslu hans má einnig ráða, að fyrirhuguð vegalagning samkvæmt hinum staðfesta skipulagsupprætti hefði orðið mjög kostnaðarsöm og væntanlega ekki orðið framkvæmd án eignarnáms og skaðabótagerðisla.

Við úrlausn máls þessa ber samkvæmt framsögðu að leggja til grundvallar, að þær aðgerðir ríkisvaldsins, sem mál þetta er af risið, hafi verið gerðar með fullri heimild. Annað mál er það, hvort Kaupfélagið Þór eigi samkvæmt lögum rétt til að fá bætt tjón, sem það kann að hafa beðið vegna umræddrar breytingar.

Í IV. kafli skipulagslaganna nr. 55/1921 eru

ákveði um eignarnám og skaðabætur. Samkvæmt 25. gr. laganna er heimilt að dæma aðilja skaðabætur, ef fasteign hefur „rýrnað í verðmæti“ vegna skipulagsaðgerða, þó að ekki fari fram beint eignarnám samkvæmt 24. eða 26. gr. laganna. Bæði hér á landi og annars staðar, þar sem svipuð ákvæði eru eða hafa verið í lögum, hefur þótt ástæða til að skýra þau þröngt og þó sérstaklega þegar um frumskipulagningu er að ræða, en ekki breytingu á eldra staðfestu skipulagi.

Þegar athugað er mál það, sem hér liggur fyrir, þá er auðsætt, að skipulag það á Hellukauptúni, sem staðfest var 2. apríl 1954, er gert á þeirri forsendu, að brúin á Ytri-Rangá verði byggð á þeim stað, sem upprátturinn sýnir, og að þjóðvegurinn austur af brúnni verði lagður eins og þar er markað. Skipulagsupprátturinn er gerður í samræmi við fyrirætlanir þáverandi vegamálastjóra og yfirstjórnar vegamála um brúarstæðið, enda hafði þá þegar verið gerð teikning að brúnni á þessum stað. Í skipulagslögnum er ákveðið, að vegamálastjóri eigi sæti í Skipulagsnefnd ríkisins, svo að samræmi verði milli ákvarðana vegamálastjórnar og skipulagsyfirlalda. Mörkun brúarstæðisins á skipulagsuppráttinn var þannig í föstum tengslum við skipulagninguna og grundvöllur hennar. Ákvörðun sú, sem nú hefur verið tekin um staðsetningu nýju brúarinnar, hefur því í för með sér breytingu á hinum staðfesta skipulagsupprætti Hellukauptúns. Hefur og Skipulagsnefnd ríkisins talið nauðsyn bera til að gera nýjan skipulagsupprátt, sem miðaður sé við hið nýja brúarstæði.

Afstaða verzlunarhúss Kaupfélagsins Þórs til skipulagningarinnar hefur áður verið rakin, en rétt þykir að taka hér fram eftirgreind aðalatriði:

Kaupfélagið Þór æskti þegar á árinu 1947, að Hellukauptún yrði skipulagt vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda. Var þá á næstu árum hafinn undirbúningur að skipulagsgerð. Eftir að verzlunarhús kaupfélagsins hafði brunnið árið 1953, var þegar hafizt handa um að fullgera skipulagið, áður en nýju verzlunarhúsi yrði valinn staður. Skipulagsuppráttur var síðan gerður með samþykki þáverandi vegamálastjóra, eins og áður hefur verið lýst, og staðfestur af stjórnarráðinu 2. apríl 1954. Í sama mánuði var hinu fyrirhugaða verzlunarhúsi valinn staður í samráði við þáverandi skipulagsstjóra ríkisins og hreppsnefnd Rangárvalla-hrepps. Hóf kaupfélagið þá byggingarframkvæmdir í maímánuði 1954 og hafði lokið smíði hins nýja húss fyrra hluta árs 1955.

Hin staðfesta skipulagning Hellukauptúns er stjórnarathöfn, sem kaupfélaginu var rétt að miða framkvæmdir sínar við. Vegna skipulagningarinnar valdi kaupfélagið í samráði við skipulagsyfirlöndin verzlunarhúsinu þann stað, sem það nú stendur á, í því skyni að tryggja því sem bezta viðskiptaaðstöðu gagnvart umferð um Suðurlandsveg, og hafði kaupfélagið ástæðu til að treysta því, að sú aðstaða mundi haldast um allan tíma. Á þessu verður nú, aðeins 5—6 árum eftir byggingu verzlunarhússins, mikil röskun vegna hins nýja brúarstæðis og þar af leiðandi breytingar á heildarskipulagi Hellukauptúns. Af þessum sökum þykir kaupfélagið tvímælalaust eiga rétt til nokkurra bóta, sbr. fyrrnefnda 25. gr. laga nr. 55/1921. Í

28. gr. sömu laga segir, að skaðabætur, meðal annars eftir 25. gr., skuli greiddar úr bæjar- eða hreppssjóði. Er þá gert ráð fyrir, að skipulagsfrankvæmdir hafi verið gerðar í þágu bæjar- eða sveitarfélags. Skipulagsbreyting sú, sem mál þetta snýst um, er hins vegar gerð eftir ákvörðun ríkisvaldsins og með ríkishagsmuni fyrir augum, en gegn mótmælum hreppsnefndar Rangárvallahrepps. Ber ríkissjóði því að greiða bæturnar. Í málflutningi fyrir gerðardóminum hefur fyrirvarsmáður ríkissjóðs lýst því, að verði bætur dæmdar, geti umbjóðandi hans fallið á, að greiðsluskilyrði sé nú þegar fyrir hendi.

Að undanskildu umræddu verzlunarhúsi voru öll atvinnuhús kaupfélagsins byggð, áður en staðfesting skipulagsins fór fram hinn 2. apríl 1954. Við ákvörðun bóta verður því ekki, eins og á stendur, tekið tillit til þess, þó að notagildi þessara húsa kunní að rýrna vegna skipulagsbreytingar þeirrar, sem nú er á döfinni. Þá ber og að ákveða bætur með það fyrir augum, að kaupfélagið mátti ekki treysta því, að hið staðfesta skipulag héldist um ótakmarkaðan tíma. Þegar virt eru þau atriði í held, sem til greina koma við matið, þykja bætur

hæfilega ákveðnar kr. 750.000,00. Ber fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að greiða Kaupfélaginu Þór þá fjárhæð ásamt 10% ársvöxtum frá 1. júní 1960 til greiðsludags, verði hún ekki greidd fyrir lok maímánaðar 1960. Svo greiði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs allan kostnað af gerðardóminum, þar á meðal málflutningslaun fyrirvarsmanns Kaupfélagsins Þórs, sem ákveðast kr. 40.000,00.

#### D ó m s o r ð :

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði sóknaraðilja, Kaupfélaginu Þór á Hellu, kr. 750.000,00 ásamt 10% ársvöxtum frá 1. júní 1960 til greiðsludags, ef greiðsla hefur ekki farið fram fyrir lok maímánaðar 1960.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði allan kostnað af gerðardóminum, þar á meðal málflutningslaun fyrirvarsmanns Kaupfélagsins Þórs, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000,00.

Reykjavík, 23. apríl 1960.

# Alþingisreikningur 1959.

(Yfirlit.)

## Tekjur:

I. Fyrir seld Alþingistíðindi .....	kr.	2430,00
II. Vextir af innstæðu í hlaupareikningi í Landsbankanum .....	—	1754,75
III. Ávísað úr ríkissjóði samkv. ávísana- og gjaldabókum þingsins, þar með talin millifærsla í ríkisbókhaldinu:		
a. Alþingiskostnaði .....	kr.	8586335,96
b. Fyrir yfirskoðun ríkisreikninga .....	—	78959,67
		<hr/>
		— 8665295,63
		<hr/>
	Samtals	kr. 8669480,38

## Gjöld:

*A. Samkv. 9. gr. 1 í fjárlögum (alþingiskostnaður):*

I. Þingfararkaup alþingismanna:		
a. Á síðari hluta þings 1958—59 (sjá fylgiskjal I) .....	kr.	2563359,32
b. Á aukabingi 1959 (sjá fylgiskjal II) .....	—	598729,05
c. Á fyrri hluta þings 1959—60 (sjá fylgiskjal III) .....	—	856241,05
d. Keypt orlofsmerki .....	—	35000,00
		<hr/>
		kr. 4053329,42
II. Goldið starfsmönnum:		
a. Föst laun o. fl. [laun skrifstofustjóra kr. 101204,44, Jóhannesar Halldórssonar fulltrúa kr. 79306,71 + yfirvinna kr. 37460,87, Ólafs Ólafssonar fulltrúa kr. 74570,85 + yfirvinna kr. 26387,93, Markúsar Jónssonar húsvarðar kr. 52946,35 + yfirvinna kr. 5104,80 + húsa-leigustyrkur kr. 3600,00] .....	kr.	380582,21
b. Lausum starfsmönnum:		
1. Á síðari hluta þings 1958—59 [skrifst. og prófarkalestur kr. 98165,62; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 34838,47; lestrarsalgæzla kr. 24738,30; vélræn upptaka á þingræðum og ræðuritun kr. 208514,76; þingfréttamaður í útvarpi kr. 29802,65; dyra- og pallavarzla kr. 164996,19; þingsveinsstörf kr. 53254,68; símavarzla kr. 47807,97; fatagæzla kr. 33534,45] .....	kr.	695653,09
2. Á aukabingi 1959 [skrifstofa og prófarkalestur kr. 39452,31; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 6738,46; lestrarsalgæzla kr. 5716,80; vélræn upptaka á þingræðum og ræðuritun kr. 44175,28; þingfréttamaður í útvarpi kr. 3302,08; dyra- og pallavarzla kr. 31760,92; þingsveinsstörf kr. 10480,80; símavarzla kr. 8221,20; fatagæzla kr. 6193,20] .....	—	156041,05
3. Á fyrri hluta þings 1959—60 [skrifstofa og prófarkalestur kr. 17086,38; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 8522,17; lestrarsalgæzla kr. 10004,40; vélræn upptaka á þingræðum og ræðuritun kr. 57924,80; þingfréttamaður í útvarpi kr. 8400,00; dyra- og pallavarzla kr. 60340,98; þingsveinsstörf kr. 9993,62; símavarzla kr. 8853,60; fatagæzla kr. 10004,40] .....	—	191130,35
		<hr/>
		— 1042824,49
c. Keypt orlofsmerki .....	—	55000,00
		<hr/>
		— 1478406,70



## III. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda og önnur prentun:

## a. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda:

1. Skjalapartur og þingskjöl [prentun 2.—4. heftis A-deildar 1958 (90 arkir)] .....	kr. 236845,85
2. Umræðupartur [prentun 5. heftis B-deildar 1956 (36 arkir), 1. heftis B-deildar 1957 (30 arkir) og D-deildar s. á. (33 arkir)] .....	— 239974,85
3. Útsending [burðareyrir, umbúðapappír o. fl.] .....	— 16432,95
	kr. 493253,65

b. Önnur prentun [prentun dagskráa kr. 16735,55, laga og þál. kr. 34760,00, þingmannaskráa o. fl. kr. 13389,20, fjölritun kr. 4259,50] .....	— 69144,25
--	------------

kr. 562397,90

IV. Bókband (kr. 39298,00), bækur (kr. 4896,95), ritföng (kr. 29510,25) .....	— 73705,20
---	------------

## V. Ljós, hiti, ræsting og kostnaður af húsi og munum:

a. Ljós og önnur raforka (kr. 19282,28), ljósfæri (kr. 5798,91) ..	kr. 25081,19
b. Hiti .....	— 32752,52
c. Ræsting [ræstingarvinna kr. 164776,32, ræstingarvörur kr. 4539,13] ..	— 169315,45
d. Kostnaður af húsi [handlaugar, miðstöð o. fl. kr. 40783,29; málun kr. 65090,75; dúklagning og veggfóðrun kr. 14683,76; niðurföll kr. 14887,87; gluggar kr. 3557,60; ýmsar aðgerðir kr. 11500,93] ..	— 150504,20
e. Kostnaður af munum [forsetaborð, skrifaraborð, ræðustóll, þingmannaborð, þingmannastólar, ráðherrastólar, stólar og borð í flokksherbergi og lestrarsal o. fl. kr. 287787,25; keyptir munir kr. 104765,11; viðhald á ritvélum kr. 3523,03; viðhald á rafmagnsáhöldum kr. 1064,50; ýmsar aðgerðir og endurbætur kr. 18421,14] .....	— 415561,03

— 793214,39

## VI. Önnur gjöld:

a. Aðstoð og aukavinna [aðstoðarvinna Ólafs Þorvaldssonar kr. 17911,80; prófarkalestur kr. 10965,71; vinna við bókasafn og skjalasafn kr. 9118,71; þýðingar kr. 2401,00] .....	kr. 40397,22
b. Kostnaður af einstökum nefndum [til ritara fjárveitinganefndar kr. 20046,98; til ritara utanríkismálanefndar kr. 11071,00; risnukostnaður fjárveitinganefndar o. fl. kr. 6251,55; risnukostnaður fjárhagsnefndar Nd. kr. 220,00] .....	— 37589,53
c. Símagjöld Alþingis [afnotagjald af sínum Alþingis kr. 53996,92; símtöl og símskeyti frá skrifstofu þingsins kr. 5788,05] .....	— 59784,97
d. Símanot þingmanna [símtöl og símskeyti kr. 210700,08; endurgreiðsla til þingmanna á kostnaði þeirra af heimasíma kr. 43637,55] ..	— 254337,63
e. Þinghúsgarðurinn .....	— 30735,54
f. Opinber gjöld [framlag Alþingis til Lífeyrissjóðs alþingismanna 1959 kr. 406664,73; fasteignaskattur og brunabótaiðgjald af alþingishúsinu og Kirkjustræti 12 kr. 24652,00; iðgjald af lausafjártryggingu kr. 5555,00; iðgj. skv. l. um almannatryggingar kr. 30353,00; iðgj. skv. l. um atvinnuleysistryggingar kr. 1531,00] ..	— 468755,73
g. Ýmis gjöld [kostnaður af Norðurlandaráði (fargjöld fimm fulltrúa og ritara á þing ráðsins í Stokkhólmi og fulltrúa á laganefndarfund í Kaupmannahöfn og stjórnarnefndarfund í Kungälv kr. 76340,80, farareyrir sömu fulltrúa og ritara að meðtöldu gjaldi til dýrtíðarsjóðs og útflutningssjóðs og leyfisgjaldi kr. 71081,64, slysatryggingariðgjald kr. 5049,00, hluti Íslands af sameiginlegum kostnaði og ráðstiðindum og annar kostnaður kr. 70224,79, kostnaður af útgáfu tímaritsins Nordisk kontakt kr. 13425,88) kr. 236122,11; kostnaður af Alþjóðþingmannasambandinu (fargjöld tveggja fulltrúa og ritara á þing sambandsins í Varsjá kr. 55170,80, farareyrir sömu fulltrúa að meðtöldu gjaldi til dýrtíðarsjóðs og útflutningssjóðs og leyfisgjaldi kr. 47080,17, slysatryggingariðgjald kr. 4009,50, árstíllag til sambandsins kr. 2647,97) kr. 108908,44; kostnaður af samtökum þingmanna Norður-Atlantshafsbandalagsríkjanna (fargjöld þriggja fulltrúa á fund samtakanna í New York og fulltrúa á fund fastanefndar þeirra kr. 22588,60, farareyrir sömu fulltrúa að meðtöldu gjaldi til dýrtíðarsjóðs og útflutningssjóðs og leyfisgjaldi kr. 32098,10, slysatryggingariðgjald kr. 1759,00, árgjald til samtakanna kr. 1420,15) kr. 57865,85; kostnaður af veitingum í alþingishúsinu (rekstrarstyrkur kr. 27226,00,	

veitingar á kvöldfundum kr. 61315,00) kr. 88541,00; kostnaður af boðsferð til Stokkhólms á 150 ára afmæli sænsku stjórnarskrár- innar kr. 81411,43; risnukostnaður forseta (þingveizla og starfs- mannaveizla) kr. 88367,87; hilleiga fyrir dreifingu dagskráa kr. 14900,00; annað kr. 61749,78] .....	kr. 737866,48	
		kr. 1629467,10
		<u>kr. 8590520,71</u>

<i>B. Samkv. 9. gr. 2 í fjárlögum (yfirskoðunarmenn ríkisreikninga):</i>		
VII. Laun tveggja yfirskoðunarmanna fyrir yfirskoðun RR 1957 (kr. 41807,78); laun eins yfirskoðunarmanns fyrir yfirskoðun RR 1958 (kr. 29903,89); húsaleiga í Arnarhvoli (kr. 7248,00) .....	—	78959,67
		<u>Samtals kr. 8669480,38</u>

Skrifstofu Alþingis, 15. janúar 1960.

*Friðjón Sigurðsson.*

## Fylgiskjal I.

## Þingfararkaup alþingismanna á síðari hluta þings 1958-59.

Nöfn	Dagpeningar		Dvalar- kostnaður	Ferða- kostnaður	Húsaleiga	Þingfararkaup alls	
	Kr. 292,27 á dag (þar í 102% verð- lagsuppbót) í jan.mán.	Kr. 253,21 á dag frá 1. febr. til þing- loka (þar í 75% verðlúð.)					
1	Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm. ....	9060,37	26080,63	..	..	35141,00	
2	Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Arn. ....	9060,37	26333,84	15525,00	200,00	5000,00	56119,21
3	Áki Jakobsson, þm. Siglf. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
4	Ásgeir Bjarnason, þm. Dal. ....	9060,37	26333,84	15525,00	180,00	6000,00	57099,21
5	Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
6	Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf. ....	9060,37	26840,26	15755,00	1200,00	12000,00	64855,63
7	Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
8	Björgvin Jónsson, þm. Seyðf. ....	9060,37	27346,68	15985,00	675,00	13500,00	66567,05
9	Björn Fr. Björnsson, 2. (vara)þm. Rang.	..	4304,57	1955,00	400,00	2777,60	9437,17
10	Björn Jónsson, 8. landsk. þm. ....	9060,37	27346,68	15985,00	700,00	20121,88	73213,93
11	Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
12	Eggert G. Þorsteinsson, 4. þm. Reykv. ..	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
13	Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
14	Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf. ....	9060,37	27599,89	16100,00	550,00	19601,59	72911,85
15	Emil Jónsson, þm. Hafnf. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
16	Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
17	Finnhagi R. Valdimarsson, 4. landsk. þm.	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
18	Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak. ....	9060,37	26080,63	..	..	13000,00	48141,00
19	Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm. ....	9060,37	26333,84	15525,00	250,00	15000,00	66169,21
20	Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
21	Guðm. Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
22	Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm. ....	9060,37	23801,74	14375,00	900,00	26504,40	74641,51
23	Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv. ..	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
24	Gunnl. Þórðarson, 10. landsk. (vara)þm.	..	4557,78	..	..	..	4557,78
25	Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
26	Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M. ....	4091,78	28359,52	14490,00	372,00	14500,00	61813,30
27	Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr. ....	9060,37	26587,05	15640,00	120,00	7500,00	58907,42
28	Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv.	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
29	Hermann Jónsson, þm. Str. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
30	Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang. ....	9060,37	26333,84	15525,00	200,00	15000,00	66119,21
31	Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
32	Jóhann Jósefsson, þm. Vestm. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
33	Jón Kjartansson, þm. V-Sk. ....	9060,37	26587,05	15640,00	250,00	24552,00	76089,42
34	Jón Pálmason, þm. A-Húnv. ....	9060,37	26587,05	15640,00	400,00	8000,00	59687,42
35	Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf. ....	9060,37	26587,05	15640,00	550,00	7500,00	59337,42
36	Jónas Arnason, 6. landsk. (vara)þm. ..	..	3544,94	805,00	..	..	4349,94
37	Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm. ....	9060,37	26587,05	15640,00	995,00	14954,40	67236,82
38	Karl Kristjánsson, þm. S-Þ. ....	9060,37	26587,05	15640,00	800,00	22915,20	75002,62
39	Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf. ....	9060,37	26587,05	15640,00	900,00	10000,00	62187,42
40	Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M. ....	9060,37	27346,68	15985,00	675,00	15000,00	68067,05
41	Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
42	Ólafur Björnsson, 9. landsk. þm. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
43	Ólafur Thors, þm. G-K. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
44	Páll Zóphóniasson, 1. þm. N-M. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
45	Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk. ....	9060,37	26333,84	15525,00	500,00	6000,00	57419,21
46	Pétur Ottesen, þm. Borgf. ....	9060,37	26587,05	15640,00	100,00	7500,00	58887,42
47	Pétur Pétursson, 10. landsk. þm. ....	9060,37	21522,85	..	..	..	30583,22
48	Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
49	Sigurður Ágústsson, þm. Snæf. ....	9060,37	26587,05	15640,00	600,00	15000,00	66887,42
50	Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
51	Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Arn. ....	9060,37	26333,84	15525,00	200,00	10000,00	61119,21
52	Sigurvin Einarsson, þm. Barð. ....	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
53	Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv. ....	9060,37	26587,05	15640,00	150,00	6300,00	57737,42
54	Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.	9060,37	26080,63	..	..	..	35141,00
55	Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang. ..	9060,37	22029,27	13570,00	300,00	14619,60	59579,24
56	Tómas Arnason, 2. (vara)þm. N-M. ....	4968,59	..	..	..	..	4968,59
	Samtals	471139,24	1372651,41	374555,00	12167,00	332846,67	2563359,32

Fylgiskjal II.

**Pingfararkaup alþingismanna á aukabíngi 1959.**

Nöfn	Dagpeningar kr. 253,21 á dag	Dvalar- kostnaður	Ferða- kostnaður	Húsaleiga	Pingfararkaup alls
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1 Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn. ....	6583,46	3680,00	300,00	1000,00	11563,46
2 Ásgeir Bjarnason, þm. Dal. ....	7089,88	3795,00	610,00	2678,40	14173,28
3 Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf. ....	8102,72	4025,00	1500,00	3600,00	17227,72
4 Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv. ..	6583,46	"	"	"	6583,46
5 Björgvin Jónsson, þm. Seyðf. ....	7596,30	3910,00	1340,00	6813,20	19659,50
6 Björn Fr. Björnsson, 2. þm. Rang. ....	6836,67	3680,00	300,00	5158,40	15975,07
7 Björn Jónsson, 8. landsk. þm. ....	8102,72	3910,00	1500,00	5338,00	18850,72
8 Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
9 Björn Pálsson, þm. A-Húnv. ....	6836,67	3680,00	600,00	2256,80	13373,47
10 Eggert G. Þorsteinsson, 2. landsk. þm. ...	6583,46	"	"	"	6583,46
11 Einar Ingimundarson, þm. Siglf. ....	8609,14	4140,00	1200,00	2800,00	16749,14
12 Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
13 Emil Jónsson, 4. landsk. þm. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
14 Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
15 Finnbogi R. Valdimarsson, 5. landsk. þm.	6583,46	"	"	"	6583,46
16 Friðjón Skarphéðinsson, 11. landsk. þm.	6583,46	"	"	2600,00	9183,46
17 Geir Gunnarsson, 7. landsk. (vara)þm.	1266,05	287,50	"	"	1553,55
18 Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
19 Gísli Jónsson, þm. Barð. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
20 Guðlaugur Gíslason, þm. Vestm. ....	8102,72	3910,00	420,00	3291,60	15724,32
21 Guðm. Í. Guðmundsson, 6. landsk. þm.	6583,46	"	"	"	6583,46
22 Gunnar Gíslason, 2. þm. Skagf. ....	7089,88	3795,00	340,00	500,00	11724,88
23 Gunnar Jóhannsson, 3. landsk. þm. ....	8609,14	4025,00	1200,00	2500,00	16334,14
24 Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
25 Gylfi Þ. Gíslason, 5. þm. Reykv. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
26 Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M. ....	7089,88	1150,00	2380,00	1500,00	12119,88
27 Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr. ....	6583,46	3680,00	150,00	3000,00	13413,46
28 Hannibal Valdimarsson, 1. landsk. þm.	6583,46	"	"	"	6583,46
29 Hermann Jónasson, þm. Str. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
30 Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang. ....	7089,88	3795,00	400,00	5000,00	16284,88
31 Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv. ....	5823,83	"	"	"	5823,83
32 Jón Árnason, þm. Borgf. ....	6836,67	3795,00	200,00	3000,00	13831,67
33 Jónas Rafnar, þm. Ak. ....	7343,09	4025,00	1500,00	4860,80	17728,89
34 Karl Guðjónsson, 7. landsk. þm. ....	6330,25	3105,00	420,00	2000,00	11855,25
35 Karl Kristjánsson, þm. S-Þ. ....	7849,51	4140,00	1500,00	5555,20	19044,71
36 Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf. ....	7849,51	4025,00	1600,00	3000,00	16474,51
37 Lúdvík Jósefsson, 10. landsk. þm. ....	7849,51	4025,00	1500,00	5600,00	18974,51
38 Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
39 Matthías Á. Mathiesen, þm. Hafnf. ....	6583,46	1840,00	"	"	8423,46
40 Ólafur Björnsson, 4. (vara)þm. Reykv. ...	759,63	"	"	"	759,63
41 Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Skagf. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
42 Ólafur Thors, þm. G-K. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
43 Óskar Jónsson, þm. V-Sk. ....	7596,30	3910,00	1275,00	4389,50	17170,80
44 Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
45 Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk. ....	7343,09	3910,00	900,00	2800,00	14953,09
46 Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.	6583,46	"	"	"	6583,46
47 Sigurður Ágústsson, þm. Snæf. ....	7343,09	3910,00	800,00	3750,00	15803,09
48 Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf. ....	6583,46	"	"	"	6583,46
49 Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn. ....	6583,46	3680,00	400,00	3000,00	13663,46
50 Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv. ....	7089,88	3795,00	260,00	2000,00	13144,88
51 Stefán B. Björnsson, 2. (vara)þm. S-M.	2025,68	920,00	1720,00	500,00	5165,68
52 Steindór Steindórsson, 9. landsk. þm. ...	7596,30	3910,00	880,00	5952,00	18338,30
53 Tómas Árnason, 2. (vara)þm. N-M. ...	5064,20	"	"	"	5064,20
54 Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M. ...	6077,04	3335,00	3150,00	1200,00	13762,04
55 Þorvaldur G. Kristjánsson, þm. V-Ísf.	6583,46	"	"	"	6583,46
56 Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv. ...	6583,46	"	"	"	6583,46
Samtals	370952,65	103787,50	28345,00	95643,90	598729,05

## Fylgiskjal III.

## Þingfararkaup alþingismanna á fyrri hluta þings 1959-60.

Nöfn		Dagpeningar kr. 245,21 frá þingbyrjun til áramóta	Dvalar- kostnaður	Ferða- kostnaður	Húsaleiga	Þingfararkaup alls
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1	Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm. ....	10634,82	2990,00	„	1800,00	15424,82
2	Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
3	Auður Auðuns, 2. þm. Reykv. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
4	Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl. ....	10634,82	2990,00	200,00	2000,00	15824,82
5	Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl. ....	11394,45	3335,00	700,00	3000,00	18429,45
6	Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
7	Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf. ....	11141,24	3220,00	830,00	1800,00	16991,24
8	Birgir Kjaran, 6. landsk. þm. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
9	Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
10	Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.	11141,24	3220,00	950,00	500,00	15811,24
11	Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl. ....	10888,03	3105,00	400,00	4557,00	18950,03
12	Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e. ....	11141,24	3220,00	1700,00	6465,00	22526,24
13	Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v. ....	9621,98	1840,00	600,00	1075,10	13137,08
14	Davíð Ólafsson, 5. (vara)þm. Reykv. ..	4557,78	„	„	„	4557,78
15	Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
16	Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
17	Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.	11141,24	3220,00	1000,00	4135,40	19496,64
18	Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
19	Emil Jónsson, 2. þm. Reykn. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
20	Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
21	Finnb. R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.	10634,82	„	„	„	10634,82
22	Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.	10634,82	2990,00	500,00	5200,00	19324,82
23	Garðar Halldórsson, 4. þm. Norðurl. e.	11141,24	3220,00	920,00	1800,00	17081,24
24	Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm. ....	10634,82	1495,00	„	„	12129,82
25	Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e. .	10634,82	„	„	„	10634,82
26	Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
27	Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl. ....	11141,24	3220,00	445,00	2605,00	17411,24
28	Guðm. I. Guðmundsson, 3. landsk. þm.	10634,82	„	„	„	10634,82
29	Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v. ..	10381,61	2875,00	635,00	800,00	14691,61
30	Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm. ..	12660,50	3910,00	1800,00	10416,00	28786,50
31	Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
32	Gylfi P. Gíslason, 4. þm. Reykv. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
33	Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf. ....	11394,45	3335,00	1428,00	5800,00	21957,45
34	Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl. .	11141,24	3220,00	300,00	3000,00	17661,24
35	Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.	8355,93	„	„	„	8355,93
36	Hermann Jónsson, 2. þm. Vestf. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
37	Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl. ....	11394,45	„	„	„	11394,45
38	Jón Arnason, 4. þm. Vesturl. ....	10888,03	3105,00	175,00	4923,40	19091,43
39	Jón Kjartanss., 5. (vara)þm. Norðurl. v.	1519,26	„	„	„	1519,26
40	Jón Skaftason, 4. þm. Reykn. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
41	Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
42	Jónas Pétursson, 3. þm. Austf. ....	10888,03	3105,00	1450,00	1000,00	16443,03
43	Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e. . .	10634,82	2990,00	1000,00	3298,40	17923,22
44	Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl. ....	11394,45	3335,00	1390,00	3906,00	20025,45
45	Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e. . .	11141,24	3220,00	1500,00	3900,00	19761,24
46	Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf. . .	10888,03	3105,00	1000,00	3038,00	18031,03
47	Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf. ....	12407,29	3795,00	1300,00	5600,00	23102,29
48	Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e. . .	10634,82	„	„	„	10634,82
49	Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn. . .	10634,82	1495,00	„	„	12129,82
50	Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
51	Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.	10634,82	„	„	„	10634,82
52	Ólafur Thors, 1. þm. Reykn. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
53	Páll Kristjánsson, 4. landsk. (vara)þm.	2785,31	1265,00	1800,00	1432,20	7282,51
54	Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf. ....	11647,66	3450,00	1100,00	2850,00	19047,66
55	Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
56	Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.	10634,82	„	„	„	10634,82
57	Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl. . .	11141,24	3220,00	800,00	3750,00	18911,24
58	Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.	10634,82	„	„	„	10634,82
59	Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl. . .	10888,03	3105,00	200,00	4000,00	18193,03
60	Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf. ....	10634,82	„	„	„	10634,82
61	Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.	11141,24	3220,00	300,00	2400,00	17061,24
62	Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv. . .	10634,82	„	„	„	10634,82
Samtals		646951,55	89815,00	24423,00	95051,50	856241,05

# Reikningur Alþingissjóðs 1959.

(Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Alþt. 1936, B. 1452—53.)

## Tekjur:

1. Eign við árslok 1958:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 8047,96
2. Vextir 1959 af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 450,05
3. Verðlaun vaxtabætis Söfnunarsjóðs .....	— 16,06
	<hr/>
	Samtals kr. 8514,07

## Gjöld:

Eign við árslok 1959:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 8514,07
	<hr/>
	Samtals kr. 8514,07

Skrifstofu Alþingis, 15. janúar 1960.

*Friðjón Sigurðsson.*